



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

16. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 var haldinn mánudaginn 28. apríl kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Jón Bjarnason mætti eftir upphaf fundar. Auk þeirra sátu fundinn þau: Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – yfirmaður eignasjóðs.

- a. **Félagsheimili – innrétting ráðhúss, bókasafns, fundarsala.**
Verkið er hafið og gengur vel. Harri Kjartansson sér um framkvæmdina og er niðurrifi lokið. Uppsetning milliveggja mun væntanlega eiga sér stað í næstu viku. Allt útlit er fyrir að verkinu ljúki á tilsettum tíma eða í lok júní.
- b. **Móttökustöð – gámasvæði**
Ákveðið hefur verið að undirlag komi ofan á núverandi jarðveg og gott burðarefni undir þær einingar sem búið er að kaupa. Framkvæmdir eru að hefjast.
- c. **Framkvæmdir við salerni, kennslugang og miðrymi Flúðaskóla**
Harri Kjartansson mun sjá um að innrétta og lagfæra salerni seinnipartinn í júlí. Hönnuður hefur skilað fyrstu drögum að útliti og þeim breytingum sem þarf að gera á Kvíadal svo þar megi koma fyrir félagsmiðstöð og frístund um leið og svæðið muni nýtast í frímínútum elsta stigs. Verið er að rýna tillögurnar og verður lokafundur þess hóps þann 12. maí n.k. Nefndinni lýst vel á fyrirliggjandi drög að hönnun.
- d. **Innrétting skjalasafns**
Selásbyggingar hafa hafið innréttingu á salerni og skrifstofu í kjallara Hrunamannavegar 3, húsnæði sem leigt hefur verið Héraðsskjalasafninu. Málun og lagning gólfefna mun eiga sér stað fljótlega og þar með verður rýmið tilbúið til notkunar.
- e. **Bygging skála í Svínárnesi**
Hönnun hússins er lokið. Verðfyrirspurn mun verða sett í loftið vegna burðargrindar og klæðningar(ytra byrði hússins) á allra næstu dögum
- f. **Önnur verkefni**
Gerð var grein fyrir fjölda annarra verkefna sem unnið er að svo sem uppsetningu götuskilta, viðhaldi leikvalla o.fl. Einnig rætt um önnur verkefni svo sem framtíðar uppbyggingu sundlaugar, viðhald fótboltavallar og fleira.

ÆES

EB

KA

DGS

Ba
Cler

JA

2. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – veitustjóri

a. Vatnsveita í Skollagróf

Búið er að bora en mælingar á holunni hafa ekki átt sér stað. Ljóst að magnið sem fannst dugur fyrir Skollagróf en ekki meira.

b. Hitaveita að Hrunalaug

Búið er að panta allt efni og samningur verður gerður við umsækjendur í næstu viku um greiðslur fyrir verkið.

c. Framkvæmdir í gatnagerð – Röðulstangi, lðjuslóð, Ljónastígur og Garðastígur

Framkvæmdirnar hafa allar verið boðnar út og eru komnar vel á veg í Röðulstanga. Í lðjuslóð er búið að leggja kaldvatnsstofn og beðið er eftir hnitum svo hægt sé að staðsetja heimtaugar. Við Garðastíg þarf að tengja nýja kaldvatnsstofninn inn á garðyrkjustöðvar og í Ásabyggð áður en framkvæmdir geta hafist við lagningu slitlags. Ljónastígur er tilbúinn þegar aðrar götur verða tilbúnar.

d. Staða veitna

Rætt almennt um fráveitu og stöðu veitna

e. Önnur verkefni

Veitustjóri gerði grein fyrir stöðunni á samningnum við Baseload á Kópvatni en niðurstöðu frá móðurfyrirtæki þeirra varðandi framhaldið og fjármögnun er að vænta í lok maí.

3. Flatholt – minnisblað sveitarstjóra ásamt reglum og gjaldskrá.

Í minnisblaðinu kemur fram að deiliskipulag hefur verið unnið fyrir geymslusvæði við Flatholt og hefur það verið samþykkt af sveitarstjórn. Geymslusvæði eins og þarna hefur verið skipulagt er mikilvægt fyrir rekstraraðila og einstaklinga sem þurfa tímabundið eða til lengri tíma að geyma muni og efni sem annars gæti mögulega safnast saman í húsagötum, lóðum og á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Á svæðinu við Flatholt yrði innheimt gjald samkvæmt reglum sem lagðar eru fram hér á fundinum. Framkvæmdir á svæðinu munu kosta um 7 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir umræddum kostnaði í fjárhagsáætlun en nefndin telur þó að með tilfærslu fjármuna innan áætlaðrar fjárfestingar megi ráðast í þessar framkvæmdir án þess að breyta heildarfjárfestingum eða lántökum ársins.

Nefndin samþykkir að vísa reglunum og ákvörðun um framhaldið til sveitarstjórnar.

4. Vatnsveita „Blákvísl“ – staða máls.

Veitustjóri gerði grein fyrir stöðu verkefnisins en skýrsla frá Guðmundi Danielssyni varðandi verkefnið verður tilbúin um miðjan maí.

Nefndin felur veitustjóra að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum.

5. Erindi frá HMS og Samorku ódagssett

Erindið varðar upplýsingasöfnun um aðgang að slökkvivatni í sveitarfélögum landsins.

Veitustjóri mun svara erindinu.

ÆES

DGS

JK

lvt

B

lvt

6. Verkfundargerðir

- a. Röðulstangi – gatnagerð – frá 10. apríl 2025
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b. Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 11. mars 2025
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c. Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 8. apríl 2025
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:34.

Bjarny Ugnisdóttir

Þurk E. Svendsen



Gunnar Sævi

KOUBRÚN HARALDSDÓTTIR

Dæði Geir Samuelsson

Sammi Þorsteinsson

Albi Halvarsson